

Tillaga til þingsályktunar um þingmannanefnd um loftslagsmál.

Flm.: Rósa Björk Brynjólfssdóttir, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
Águst Ólafur Ágústsson, Guðjón S. Brjánsson, Guðmundur Andri Thorsson,
Helga Vala Helgadóttir, Logi Einarsson, Oddný G. Harðardóttir.

Alþingi ályktar að fela forseta Alþingis að skipa þingmannanefnd til að leggja fram tillögur um áherslur Íslands í loftslagsmálum fyrir loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin verður í Glasgow í nóvember 2021.

Þingmannanefndin verði skipuð einum þingmanni úr hverjum þingflokkum.

Hlutverk nefndarinnar verði að fjalla um og koma fram með tillögur um áherslur Íslands í loftslagsmálum fyrir loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Við móton tillagnanna skal nefndin taka mið af markmiðum Parísarsamkomulagsins. Nefndin skilgreini meginforsendur stefnunnar og setji fram tillögur um markmið Íslands næstu tíu árin og leiðir til að ná þeim.

Þingmannanefndin komi saman eigi síðar en 1. maí 2021 og skili tillögum til forsætisnefndar svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 24. september 2021. Tillögurnar verði að því loknu lagðar fyrir Alþingi í formi þingsályktunar og forsætisráðherra falið að hafa þær til hliðsjónar við móton áhersla Íslands á loftslagsráðstefnunni.

Greinargerð.

Nauðsynlegt er að fram fari breitt pólitískt samráð um áherslur Íslands í loftslagsmálum á næstu loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow sem haldin verður í nóvember 2021. Fundinum er ætlað að marka stefnuna næstu tíu árin til að markmiðum Parísarsamkomulagsins verði mætt. Nýkjörinn Bandaríkjaforseti hefur lagt áherslu á að Bandaríkin ætti að taka fullan þátt og axla ábyrgð. Evrópusambandið leggur metnað sinn í að ráðstefnan skili miklum árangri og breski forsætisráðherrann hefur gert ráðstefnuna að meginnefni í sínu alþjóðastarfí. Aðrar nágrannapjöldir Íslands hafa sett sér metnaðarfull markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og hafa til að mynda sánsk stjórnvöld sett stefnuna á 63% samdrátt árið 2030 miðað við árið 1990 og yfirlýst markmið danskra stjórnvalda er að draga úr gróðurhúsalofttegundum um 70% yfir sama tímabil.

Það ríður á að Ísland mæti til fundarins með metnaðarfulla stefnu í loftslagsmálum og skýra, fullfjármagnaða aðgerðaáætlun í málafloknum. Ísland er í sérflokkji þegar kemur að nýtingu endurnýjanlegrar orku og hefur tækifæri til að stíga stór skref á næsta áratug. En þá þarf að byrja strax því nauðsynlegt er að taka sem fyrst markviss skref í átt að metnaðarfullri stefnu Íslands sem kynnt verði á fundinum í Glasgow.

Það verður í höndum næstu ríkisstjórnar að taka þátt í fyrirhugaðri loftslagsráðstefnu í nóvember. Þess vegna er ekki nóg að núverandi ríkisstjórnarflokkar fjalli einir um stefnuna sem borin verður á borð á ráðstefnunni heldur þarf samráð að hefjast sem fyrst til þess að sem víðtækust sátt verði um afstöðu Íslands. Málaflokkurinn er það mikilvægur fyrir íslenskt samfélag í nútíð og framtíð að þingið og þingflokkarnir þurfa að hafa aðkomu að honum. Þess vegna er lagt til að forseti þings komi á fót nefnd þingmanna allra flokka á Alþingi sem

fjalli um og eigi að komu að markmiðum og stefnu Íslands og málflutningi á vettvangi loftslagssamningsins. Með nefndinni verði tryggt að allir stjórnmálaflokkar hafi tök á að undirbúa sig fyrir að komu að ráðstefnunni og málflutningi Íslands og að sem breiðust sátt og sem fjölbreyttust sjónarmið verði hluti af stefnu Íslands.